

Fundargerð ferðamálaráðs

6. fundur – 3. nóvember 2006.

Kl. 14-16 í samgönguráðuneytinu.

Mættir:

Einar Oddur Kristjánsson (EOK), Dagný Jónsdóttir (DJ), Gunnar Már Sigurfinnsson (GMS), Lára. B. Pétursdóttir (LBP), Sævar Skaptason (SS), Gunnar Sigurðsson (GS), Dagur B. Eggertsson (DBE), Pétur Rafnsson (PR), Dóra Magnúsdóttir (DM), Jón Ásbergsson (JÁ), Helga Haraldsdóttir (HH), Ársæll Harðarson (ÁH) og Ingilín Kristmannsdóttir (IK)

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð 5. fundar ferðamálaráðs
2. Tillögur vegna erindis samgönguráðherra, „... um áhrif hvalveiða í atvinnuskyni á ferðaþjónustuna.“
3. Önnur mál.

Gögn afhent / lögð fram á fundinum:

- Fundargerð 5. fundar ferðamálaráðs frá 30. október 2006.
- Tillaga fulltrúa SAF í stjórn ferðamálaráðs (Gunnar Már Sigurfinnsson, Lára. B. Pétursdóttir og Sævar Skaptason)
- Tillaga Dags B. Eggertssonar um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir vegna hvalveiða

Eftirfarandi fór fram:

1. Fundargerð 5. fundar ferðamálaráðs, 30. október 2006, var samþykkt.

2. Umræða varðandi áhrif hvalveiða í atvinnuskyni á ferðaþjónustuna.

Rætt var um mikilvægi þess að ráðast í rannsókn á áhrifum hvalveiða í atvinnuskyni á ferðaþjónustuna. Tillaga formanns um að ráðist verði í slíka rannsókn var samþykkt einhljóða.

Ráðsmenn voru einhuga um að beina því til samgönguráðherra að verulega meiri fjármunum verði varið til landkynningar.

Þá var rætt um væntanlega endurskoðun á lögum nr. 26/1949 um hvalveiðar. Þótti ráðsmönnum rétt að tekið yrði tillit til ferðaþjónustunnar m.a. hvalaskoðunar.

Í þessu samhengi var stuttlega rætt um mögulega afmörkun veiðisvæða í samráði við hagsmunaaðila. Afmörkun veiðisvæða kann þó að skekkja niðurstöður rannsókna hjá Hafrannsóknarstofnuninni. Þetta þarf að skoða þegar lögin verða endurskoðuð.

Á fundinum var ákveðið að eftirfarandi bréf yrði sent samgönguráðherra:

*Hr. samgönguráðherra
Sturla Böðvarsson*

Efni: Tillögur ferðamálaráðs vegna erindis samgönguráðherra til ráðsins frá 26. október 2006.

Ferðamálaráð leggur til eftirfarandi við yður, hr. samgönguráðherra:

1. Að stóruauknu fé verði varið til landkynningar þegar á árinu 2007. Stefnt skal að því að fjármunir til markaðssóknar verði 300 milljónir króna árlega.

2. Að ráðist verði þegar í stað í rannsókn á vegum hlutlauss aðila til að fá heildarmynd af áhrifum hvalveiða í atvinnuskyni á íslenska ferðaþjónustu og ímynd landsins á erlendum mörkuðum.

Jafnt skulu kannaðar skoðanir almennings sem og söluaðila ferðaþjónustu á erlendum mörkuðum.

3. Að við endurskoðun á lögum um hvalveiðar nr. 26/1949 verði tekið tillit til þarfa og hagsmuna ferðaþjónustunnar, m.a. hvalaskoðunarfyrtækja.

4. Að haft verði samráð við ferðamálaráð og/eða sérstakan samráðshóp hagsmunaaðila við framkvæmd ofangreindra atriða.

*f.h. ferðamálaráðs,
Einar Oddur Kristjánsson,
formaður*

3. Önnur mál

Annað var ekki rætt.

Næsti fundur:

Stefnt er að því að halda fund í desember. Fundartími verður ákveðinn síðar.

IK ritaði fundargerðina.